

**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**  
**Fundargerð 10.fundur skólanefndar**  
**15.júní 2004 – haldin í bókasafni Grundarfjarðar**

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Eyþór Benediktsson, Björg Ágústsdóttir, Gísli Ólafsson varamaður, Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson og Sveinn Þór Elínbergsson, Sigríður Finsen boðaði forföll

Formaður setti fund kl. 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá fundarins:

1. Skráningar
2. Ráðningar
3. Búnaður
4. Skólaakstur
5. Vefur skólans
6. Byggingin
7. Mötuneyti

1. Skráningar - Borist hafa 106 umsóknir um skólavist á haustönn og 5 umsóknir til vara, það er mun meira en búist hafði verið við í upphafi, fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með niðurstöðuna.
2. Ráðningar: Skólameistari kynnti ráðningar í eftirtaldar stöður:  
Enska – Vilhjálmur Gunnarsson  
Húsvörður: Ólafur Tryggvason  
Bókasafn : á eftir að ganga frá
3. Búnaður: Skólameistari upplýsti að tölvur eru komnar fyrir kennara skólans og eru því tilbúnar þegar þeir mæta á námskeið í næstu viku. Samið var við EJS um Dell hugbúnað.  
Ákveðið hefur verið að semja við Á. Guðmundsson ehf. um kaup á húsgögnum, íslensk smíði og hönnun.
4. Tilboðsfrestur vegna skólaaksturs hefur verið framlengdur um eina viku.
5. Hex og Hugsmiðjan sjá um að útbúa vef fyrir skólann, nýjasta tækni verður notuð og auðvelt verður að setja efni inn á vefinn.
6. Bygging skólans er á áætlun, gengur smíðin vel að sögn formanns Bygginganefndar.
7. Mötuneytismál – rætt um að semja við Kaffi 59 og/eða Krákuna um máltíðir í hádeginu að minnsta kosti á haustönn.

Fundi slitið um kl. 18:30